



7. bekkur

2022- 2023

Handbók/námsáætlun



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	3
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Skipulag kennslunnar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Náms og skemmtiferðir.....	4
Vinabekkir.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Samskipti kennara við foreldra.....	5
Heimanám	5
Skólasókn og viðbrögð.....	5
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Námsáætlun skólaársins.....	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Námsáætlun	8

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Andri Marteinnsson	Umsjónarkennari
Halla Rósenkranz	Umsjónarkennari
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari
Ragna Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Hannes Geirsson	Íþróttakennari og sund
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttakennari og sund
Atli Jóhannesson	Íþróttakennari og sund
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Margrét Indiana Guðmundsdóttir	Textíl
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíði
Jóhanna G Ólafsson	Heimilisfræði
Sigrún Waage	Sviðslistir
Petra Björg Kjartansdóttir	Þroskaþjálfari
Margrét Á. Harðardóttir	Sérkennari
Katrín Anna Eyvindardóttir	Námsráðgjafi
Íris Pálsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Við leggjum áherslu á fjölbreytta starfshætti og mikilvægi námsferlisins þar sem veitt er aðstoð við hæfi. Við viljum skapa andrúmsloft í kennslustofunni sem einkennist af trausti og allir fá að njóta sín. Nemendum er gert ljóst hver markmið námsins eru og fá markvissa og uppbyggilega endurgjöf jafnt og þétt í námsferlinu. Við viljum að gagnkvæm virðing ríki og gefa nemendum kost á að hafa áhrif á lærdóminn.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun:

- Námsferlið er mikilvægara en lokaniðurstaða
- Nemendur vinna saman í fjölbreyttum hópum

Árangur:

- Fjölbreyttar leiðir eru farnar í kennslu
- Veitt er aðstoð við hæfi í námsferlinu
- Andrúmsloft í kennslustofum einkennast af trausti og allir geta notið sín

- Nemendum eru ljós markmið námsins
- Nemendur fá markvissa og uppbyggilega endurgjöf, jafnt og þétt í námsferlinu sem tekur mið af viðmiðum um árangur

Ánægja:

- Nemendur geta haft áhrif á hvað þeir læra og hvernig þeir læra
- Komið er fram við nemendur af virðingu

Lýsing á starfinu í árganginum

Skipulag kennslunnar

Til hliðar á töflunni stendur hvert námsmarkmið vikunnar er þegar við á en búið er að skipuleggja hverja lotu fyrir sig og stundum, eins og t.d. í stærðfræði, fá nemendur yfirlit yfir efnið sem vinna á í hverjum tíma.

Útbúinn er námsveggur fyrir hvert fag þar sem námsmarkmið og hæfniviðmið eru gerð sýnileg fyrir nemendum.

Í upphafi kennslustunda er rætt um hvert markmið þess tíma er þ.e. hver sé tilgangurinn með náminu. Að því búnu á sér stað innlögn þar sem farið er vel í gegnum það sem leggja á inn með sýnikennslu á aðferðarfræðinni og/eða leiðbeiningum á vinnuaðferðum. Þegar við á fær hver nemandi hefur sín eigin gul, rauð og græn litaspjöld sem þau leggja á borðið hjá sér til að gefa til kynna hvernig þau standa í þeim námshætti sem verið er að leggja inn. Rauður stendur fyrir mjög lítinn skilning, gulur að nokkur skilningur sé til staðar og grænn gefur til kynna að nemandinn hafi náð góðum tókum á efninu.

Eftir hverja lotu er prófað með ýmsu móti hvort nemendur hafi náð þeim hæfniviðmiðum sem lagt er upp með í hverri lotu. Dæmi um slíkt eru verkefni, útgöngumiðar og spjall.

Stuðst verður við efni námsbóka þegar það passar við þau hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni en einnig er efni útbúið af kennurum til að gera námið eins líflegt og hægt er. Unnið er ýmist í einstaklings- eða hópavinnu og verða dagarnir brotnir upp með því að kenna með hringekju fyrirkomulagi. Að auki hafa kennarar skipt á milli sín tungumálakennslunni til að geta brotið daginn upp enn frekar þar sem þeir fara á milli stofa til að kenna.

Helstu viðfangsefni nemenda

Íslenska: lestur, lesskilningur, málnotkun, ritun, bókmenntir og framsögn

Stærðfræði: Stærðfræðihugtök, tuga- og sætiskerfi, tölfræði, rökhugsun, rúmfræði og líkur

Lífsleikni: sjálfsmýnd, sjálfsefning, félagsfærni, tilfinningagreind

Enska: þemaverkefni, lestur, ritun, lesskilningur, talað mál og hlustun

Danska: lestur, lesskilningur, talað mál og hlustun

Náttúrufræði: Vífilsstaðavatnspema, jarðfræði, stjörnufræði og umhverfismennt

Samfélagsfræði: trúarbragðafræði, grenndarverkefni og réttindafræðsla

Upplýsinga- og tæknimennt: G-Suite, samþætting við flest fög, myndbandagerð, hlaðvarp, Book creator.

Aðrar námsgreinar: Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði, smíði, sviðslistir, íþróttir og sund.

Náms og skemmtiferðir

Skólalúðir að Reykjum í lok nóvember í 4 nætur, skíðaferð, rannsóknarferð að Vífilsstaðavatni, Víðistaðatún, ferð á bókasafnið, ferð á Hönnunarsafnið, borgarferð og útivist í nánasta umhverfi.

Vinabekkir

Vinabekkur 7. bekkjar er 1. bekkur. Skemmtidagskrá á svæðinu hjá strandblakvelli og ærslabelg í upphafi skólaárs. Vera með hringekju sem samanstendur af spilastund, gerð vinabanda og fara út að leika sem nemendur 7. bekkja bera ábyrgð á að stýra.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 72 nemendur. Nemendum er skipt upp í 4 námshópa. Hópaskiptingar eru tvisvar á önn eða eftir þörfum. Einnig er skipt upp í hringekju- og þemahópar eftir verkefnum. Öllum árganginum er skipt upp í 4 smiðjuhópa sem starfa allan veturinn.

Samskipti kennara við foreldra

Nám og velferð nemenda í skólanum er sameiginleg ábyrgð foreldra og kennara.

Samskipti við foreldra verða með tölvupósti, nemendaviðtali, tvisvar á ári, og með símtölum.

Einnig fá foreldrar vikupóst sem tryggir að foreldrar séu vel upplýstir um þau verkefni sem hafa verið unnin og framundan eru.

Stefnt er að hafa ferilmöppur nemenda á möppu- og/eða rafrænu formi þar sem valin verkefni verða vistuð og foreldrar hafa aðgang að í gegnum Mentor.

Morgunsamverur hjá 7. bekk í vetur eru fyrirhugaðar eftirfarandi daga 14. september, 9. nóvember, 1. mars, 10. maí. Þessar skemmtanir eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir börnin en foreldrar þeirra barna sem koma fram á sviði eru að sjálfsögðu velkomin.

Heimanám

Heimanámið í 7. bekk er fyrst og fremst lestur og tilfallandi verkefni sem þörf er á að ljúka fyrir ákveðinn tíma.

Skólasókn og viðbrögð

Garðabær hefur sett fram ferla vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda, sjá mynd hér fyrir neðan. Þetta eru þeir ferlar sem við fylgjum í Flataskóla.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjólunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
 Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (barna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir tiltekin tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu og verður leitast við að gefa nemendum endurgjöf á hvernig þeim vegni um leið og þau hafa lokið við að leysa þau verkefni sem lögð eru fyrir.

[Hér er að finna nánari útskýringar á námsmati skólans og hvernig það er uppbyggt, unnið er með það og það birt.](#)

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfnivíðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Talað mál, hlustun og áhorf Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</p>	Framsögn	Nemendur fá þjálfun í að lesa upp eigin texta og texta eftir aðra.
<p>Lestur og bókmenntir Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur skoða ýmsar gerðir af texta og fá þjálfun í að lesa úr texta, svara spurningum og tülka.
<p>Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og tülkað.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur velja sér bækur af bókasafni og vinna síðan verkefni um bækurnar.
<p>Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</p>	Lestur og lesskilningur	Nemendur velja sér bækur af bókasafni. Einnig er samlestur bóka sem eru til í bekkjarsettum.
<p>Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.</p>	Uppbygging og boðskapur sögu.	Umræður og verkefni í samlestri bóka.
<p>Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>	Val á lesefni.	Nemendur velja sér bækur af bókasafni. Eins verður komið upp kerfi hjá kennara/í bekkjarstofu þar sem merkt er hvers lags efni er valið og hvort það er fjölbreytt.
<p>Ritun Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p>	Ritun texta	Nemendur semja ýmis konar texta, frásagnir, sögur o.s.frv.
<p>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p>	Ritun texta	Nemendur fá þjálfun í að skrifa texta eftir fyrirmælum sem og frjálsan texta.
<p>Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p>	Stafsetning	Nemendur læra helstu stafsetningaræfingar og fá þjálfun í notkun þeirra.

<p>Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</p>	<p>Ritun texta á rafrænu formi.</p>	<p>Nemendur rita texta í ritvinnsluforriti og læra ýmsar aðgerðir og skipanir í ritvinnslu.</p>
<p>Málfræði Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p>	<p>Málfræði og málnotkun</p>	<p>Nemendur læra einkenni algengustu orðflokka og þjálfast í að vinna með þá flokka.</p>
<p>Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Málfræði og málnotkun</p>	<p>Nemendur læra einkenni algengustu orðflokka og þjálfast í að vinna með þá flokka.</p>
<p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p>	<p>Málfræði og málnotkun</p>	<p>Nemendur læra helstu stafsetningarreglur og þjálfast í að hafa þær að leiðarljósi í ritun texta.</p>

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Að geta spurt og svarað með stærðfræði: Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkon, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.</p>	Tölfræði	-nemendur lesa út úr ýmsum myndritum í daglegu lífi sem og útbúa sín eigin.
<p>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar: Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.</p>	Tjá sig um ólík stærðfræðiverkefni	-vinna verkefni og kynna -ræða í hópum ólík verkefni
<p>Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.</p>	Rökhugsun og túlkun	-ýmsar þrautalausnir
<p>Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</p>	Notað og valið fjölbreytt gögn og nýtt í stærðfræði	-hafa fjölbreytt gögn aðgengileg -ræða mikilvægi þess að nýta sér hjálpargögn
<p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.</p>	Rökhugsun og ályktun Upplýsingatækni	-google sheets -skrá tölulegar upplýsingar -búa til töflur og myndrit
<p>Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</p>	Kynning á stærðfræðiverkefnum	-kynna sem einstaklingur eða hluti af hópi verkefni og niðurstöður þess
<p>Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.</p>	Samvinna í stærðfræðilegum verkefnum	-mismunandi samvinnuhópar -breytilegur fjöldi í hópi -mismunandi hópasamsetningar

<p>Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</p>	<p>fjármálalæsi</p>	<p>-finna út kostnað á ýmsu sem tengist börnum, bæði nauðsynlegum hlutum sem og ónauðsynlegum</p>
<p>Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.</p>	<p>Stærðfræðihugtök</p>	<p>-nota amboð -gera stærðfræðivegg -umræður</p>
<p>Tölur og reikningur Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.</p>	<p>Vinna með tölur</p>	<p>-nota reikniaðferðirnar -vinna með talnarunur hlutbundið og óhlutbundið -teikna talnalínu og hitamæli til að skoða negatívar tölur</p>
<p>Notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.</p>	<p>Tuga og sætiskerfi</p>	<p>-setja upp dæmi og reikna -umræður -teikna tugahús</p>
<p>Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.</p>	<p>Vinna með tölur</p>	<p>-nota mismunandi reikniaðferðir</p>
<p>Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.</p>	<p>Hlutföll og brot</p>	<p>-hlutabingó -reikna dæmi -vinna með litað nammi sem hluta af heild</p>
<p>Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</p>	<p>Notað fjölbreytt verkfæri til að leysa viðfangsefni daglegs lífs og umhverfis</p>	<p>-hafa hjálpargögn tiltæk -vinna þrautalausnir -vinna í hóp</p>
<p>Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</p>	<p>Almenn brot, tugabrot og prósentur</p>	<p>-breyta tugabrotum í almenn brot -breyta almennum brotum í tugabrot -skrá prósentur</p>
	<p>Tuga og sætiskerfið</p>	<p>-skrá hluta af heild</p>

<p>Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</p>	<p>Vinna með tölur</p>	<p>-skoða mismunandi reglur -tengsl reikniaðgerðanna</p>
<p>Algebra Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.</p>	<p>Nota bókstaf fyrir tölu</p>	<p>-sýnikennsla á töflu -samvinna/hópavinna -vinna verkefni</p>
<p>Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.</p>	<p>jöfnur</p>	<p>-horfa á kennslumyndbönd -vinna með mismunandi jöfnur -kynna fleiri en eina aðferð</p>
<p>Rúmfræði og mælingar Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.</p>	<p>hugtakaskilningur</p>	<p>-umræður</p>
<p>Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p>	<p>Form og flatarmyndir</p>	<p>-teikna form í tvívíð -búa til form í þrívíð og hengja upp -teikna spegilása -unnið verkefni þar sem þarf að hliðra, spegla og snúa myndum</p>
<p>Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.</p>	<p>Mælingar Um- , rúm- og flatarmál</p>	<p>-skoða form -sjá hvernig form er eins en í mismunandi hlutföllum -reikna um- , rúm- og flatarmál -tengja við daglegt líf</p>
<p>Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.</p>	<p>Mælingar</p>	<p>-unnið með mismunandi mælingar -unnið með mælingar á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt -teikna mismunandi mælikvarða og gera sýnilega</p>
<p></p>	<p>Rúmfræði</p>	<p></p>

<p>Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn. Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.</p>	<p>hnitakerfi</p>	<ul style="list-style-type: none"> -para/hópaverkefni þar sem unnið er með rúmfræði og niðurstöðum skilað á tölvutækuformi -finna hnit -teikna inn hnit -staðsetja í hnitakerfi -hliðrun, speglun
<p>Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.</p>	<p>tölur og útreikningar flatarmyndir og þrívídd</p>	<ul style="list-style-type: none"> -hlutbundin vinna -teikningar og reikningar
<p>Tölfræði og líkindi Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum. Halla</p>	<p>upplýsingatækni</p>	<ul style="list-style-type: none"> -google sheets -setja upp myndrit -lesa úr upplýsingatöflum
<p>Gert einfaldar tölfr.rannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim. Halla</p>	<p>tölfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> -búið til kannanir innan hópsins og sett upp í tölvuforrit -lesið úr tölfræðirannsóknnum og svarað spurningum þeim tengdum
<p>Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.</p>	<p>túlkur og úrlestur töflur og myndrit</p>	<ul style="list-style-type: none"> -sækja gögn á mismunandi staði -skoða töflur og myndrit -svarað spurningum er tengjast töflum og myndritum
<p>Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</p>	<p>Líkur</p>	<ul style="list-style-type: none"> -hlutbundinvinna -þrautalausnir

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti	Málskilningur, þýðingar	Hlusta á upplestur texta, lesa með í hljóði og rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu	Lausn verkefna	Rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna
Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.	Þýðingar, umorðun texta	Vinnubók - Rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að skrifa texta eftir fyrirmælum þ.m.t. megininntak texta af ensku yfir á íslensku og öfugt.
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra	Framsögn/upplestur	Kynna fyrir öðrum verkefni sem hafa verið unnin
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflattirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvéla	Upplýsingaöflun	Afla sér upplýsinga í bókum, á vefnum og öðrum miðlum sem í boði eru.
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf	Samtöl	Samtöl og umræður á ensku: spyrja og svara spurningum hvors annars
Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda	Ritun	Skrifa texta um valið efni með notkun orðalista (glósur) og annarra upplýsinga sem aflað hefur verið
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi	Samvinna	Teymisvinna í þemaverkefnum

Danska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Hlustun: Skilið mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum</p> <p>Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi t.d. myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sé upplýsingar í eigin verkefni</p> <p>Lesskilningur: Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. frá myndum.</p> <p>Ritun: Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða tilgátu</p> <p>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða</p>	<p>Málskilningur</p> <p>Málskilningur/þýðingar</p> <p>Þýðingar, umorðun texta</p> <p>Valin verkefni</p> <p>Valin verkefni</p>	<p>Hlusta á upplestur texta, rýna í lesefni og orðalista og leita af svörum og lausnum verkefna</p> <p>Hlusta og lesa með í hljóði og rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að leita eftir svörum og lausnum verkefna</p> <p>Bera saman einföld orð dönsku í íslensku</p> <p>Vinnubók - Rýna í lesefni og orðalista (glósur) til að skrifa orð og texta eftir fyrirætlum þ.m.t. megin inntak texta af dönsku yfir á íslensku og öfugt</p> <p>Skrifa orð og texta um valið efni með notkun orðalista (glósur) og annarra upplýsinga sem aflað hefur verið</p> <p>Lesi yfir texta og skoða myndir og þýða texta</p>

<p>Samskipti: Fylgt með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar</p> <p>Frásögn: Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</p> <p>Námshæfni: Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á tilgátu</p>	<p>Samvinna</p> <p>Samskipti</p> <p>Framsögn/upplestur (þemaverkefni)</p> <p>Upplýsingaöflun</p>	<p>Leikir t.d. að kynna sig/spil</p> <p>Tekið þátt í umræðum og upplestri</p> <p>Segja frá sjálfum sér/áhugamálum o.fl. og útbúa persónuspjald</p> <p>Afla sér upplýsinga í bókum, á vefnum og öðrum miðlum sem í boði eru</p>
---	--	--

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Geta til aðgerða</p> <p>Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vege og meta ólíka kosti.</p> <p>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</p>	<p>Garðabær – bærinn minn</p>	<p>Nemendur læra um heimabyggð sína og gefa út blað.</p>

Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.	Garðabær – bærinn minn	Nemendur læra um heimabyggð sína og gefa út blað.
Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.	Líkan	Nemendur útbúa líkan og gera tilraun um jarðskjálfta.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni		
Vinnubrögð og færni Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og innii.		
Ábyrgð á umhverfinu	Tilraun	Nemendur framkvæma tilraunir.
Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.		
Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.	Umhverfismennt	Fræðsla og athuganir
Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.	Umhverfismennt	Fræðsla og athuganir
Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.		
Að búa á jörðinni Framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum.	Garðabær – bærinn minn	Nemendur læra um heimabyggð sína og gefa út blað.
Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.	Garðabær – bærinn minn	Nemendur læra um heimabyggð sína og gefa út blað.
Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður.	Jarðfræði og himingeimurinn	Nemendur læra um veðrun og rof og gera verkefni um himingeiminn.
Lífsskilyrði manna	Veðurfræði	Nemendur læra um loftslag og veður og skoða ýmsar gerðir skýja.
Náttúra Íslands		
Lýst einkennum plantna og dýra,	Sólkerfið	Verkefni um hringferð tunglsins.

<p>stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.</p> <p>Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.</p> <p>Heilbrigði umhverfisins</p> <p>Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.</p> <p>Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.</p>	<p>Vífilsstaðaverkefnið</p> <p>Vífilsstaðaverkefnið</p> <p>Umhverfismennt</p> <p>Umhverfismennt</p>	<p>Nemendur fræðast um svæðið og gera athuganir</p> <p>Nemendur fræðast um svæðið og gera athuganir</p> <p>Fræðsla og athuganir</p> <p>Fræðsla og athuganir</p>
--	---	---

Samfélagsfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann		
Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.	Umhverfismennt	Fræðsla, rannsóknarvinna og skýrslugerð
Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.	Evrópa	Þemavinna
Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.	Evrópa	Þemavinna
Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.	Umhverfismennt	Fræðsla, rannsóknarvinna og skýrslugerð
Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.	Umhverfismennt	Fræðsla, rannsóknarvinna og skýrslugerð
Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.	Umhverfismennt	Fræðsla, rannsóknarvinna og skýrslugerð
Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum.	Evrópa	Þemavinna
Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.		
Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.	Evrópa	Þemavinna
Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.	Trúarbragðafræði	Þemavinna
Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.	Trúarbragðafræði	Þemavinna
	Trúarbragðafræði	Þemavinna

Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf.		
Nefnt dæmi um áhrif helgiritanna helstu trúarbragða á menningu og samfélög.	Trúarbragðafræði	Þemavinna
Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.	Trúarbragðafræði	Þemavinna
Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.	Réttindafræðsla	Umræður um Barnasáttmálann Samvinnuverkefni
Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Réttindafræðsla	Vinna með Barnasáttmálann Umræður
Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.	Réttindafræðsla	Samvinnuverkefni Sjálfsmat jafningjamat
	Réttindafræðsla	Samvinnuverkefni Sjálfsmat jafningjamat

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
1. Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.	Notkun á verkfærum og miðlum	Kynnumst ólíkum blýöntum og aðferðum við portrait teikningu og nýta sér þekkingu sem þau hafa öðlast síðustu ár.
2. Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.	Grunnþættir myndlistar	Æfum okkur í hugtakanotkun fagsins þegar á við.
3. Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	Hugtök	

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</p> <p>Lesi einfalda teikningu, smíða eftir henni og vinna eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð</p> <p>Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</p> <p>Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Val og notkun verkefna</p> <p>Skissa, vinnuteikning og hönnunarferli</p> <p>Endurnýting</p> <p>Samsetning verkefna og val á yfirborðsmeðferð</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>Nemendur fá tækifæri til að velja og nýta rétt verkfæri eins og sagir (tif- og handsagir) og sandpappír til að gera stólpatta tilbúna til samsetningar. Einnig læra nemendur að nota bor, skrúfur og skrúfbita, þegar þeir setja saman stólinn sinn.</p> <p>Nemendur læra um hönnunarferli með því að fara með kennara í gegnum einfalt hönnunarferli: <u>hugmyndavinna</u> (spjall í hóp og við kennara, hugmyndir settar í hefti) – <u>skissa</u> (nemandi skissar helstu hugmyndir í sitt hefti) – <u>vinnuteikning</u> (vinnuteikning gerð eftir lokaskissu og sett í plastvasa til að nota í næsta skrefi) – <u>framkvæmd</u> (stóllinn smíðaður með hjálp vinnuteikningar) - <u>lokaafurð</u> (gripurinn fullunninn, myndaður ásamt vinnuteikningu og sett í vinnuhefti nemandi).</p> <p>Nemendur læra um endurnýtingu með því að þurfa að leita sér að efniviði í afgangskössum í smíðastofunni. Einnig læra þeir um endurnýtingu þegar kennari bendir þeim á að henda ekki eigin afgangum heldur deila með öðrum.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýtiverkefni</p>

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.</p>	<p>Þolæfingar</p>	<p>Þjálfar upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.</p>
<p>Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.</p>	<p>Leikni og færni</p>	<p>Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.</p>
<p>Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.</p>	<p>Baksund, skriðsund, kafsund, stunga</p>	<p>Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.</p>

<p>Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.</p>	<p>Stöðluð próf</p>	<p>6 mín hlaupapróf og tímataka í 20m spretthlaupi. 300m bringusund undir 10mín.</p>
<p>Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífvernis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p>	<p>Hreinlæti</p>	<p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþróttatæki og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p>
<p>Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.</p>	<p>Íþróttamannsleg framkoma</p>	<p>Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.</p>
<p>Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.</p>	<p>Umgengnis- og skipulagsreglur</p>	<p>Rætt reglulega við nemendur um umgengnisreglur í íþróttahúsi. Ákveðin áhöld í fimleikasal, virðingu við starfsfólk íþróttamiðstöðvar og mikilvægi hljóðvist í búningarklefa, sem og framkomu við samnemendur. Sýnikennsla/myndband í björgunarsundi og skyndihjálpar.</p>

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til -tjáð sig um helstu aðalatriði næringarfræðinnar. 	<p>Hvað í hæfniviðmiðinu er það sem nemandinn lærir:</p> <ul style="list-style-type: none"> -vinnur eftir einfaldri uppskrift. -notar mæliskeiðar og dl mál -notar rafmagnsþeytara -skilningur á næringarfræði. 	<p>Hvernig gerir hann það?</p> <ul style="list-style-type: none"> -Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, nota mæliskeiðar, dl mál og rafmagnsþeytara. -nemandi sýnir skilning á næringarfræði með áherslu á orkuefni með því að vinna verkefni á tölvu, skila rafrænt og kynna.

Textílmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.</p> <p>Unnið með einföld snið og uppskriftir.</p> <p>Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna.</p>	<p>Notkun á grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.</p> <p>Sniðagerð</p> <p>Þekking á eiginleikum náttúruafna og gerviefna.</p>	<p>Nemendur sauma sér náttbuxur og beita öllum þeim aðferðum og áhöldum sem við á.</p> <p>Nemendur þjálfast í sniðagerð, meðferð á efnum og vélsaumi.</p>

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Tjáning og miðlun</p> <p>Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.</p> <p>Tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.</p>	<p>Framsögn og enska</p> <p>Umhverfismennt, Vífilsstaðavatnið og Bærinn minn þemaverkefni</p>	<p>Að sýna og segja frá á ensku og íslensku</p> <p>Rafrænar vinnubækur, skýrslur, fréttaskrif</p>
<p>Skapandi og gagnrýnin hugsun</p> <p>Skilgreint viðmið um árangur.</p>	<p>Allar námsgreinar</p>	<p>Nemendum er gert að bera ábyrgð á framvindu sína í námi. Einnig læra nemendur hvernig þeir tengja viðmið um árangur við vinnu sína</p>
<p>Sjálfstæði og samvinna</p> <p>Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.</p> <p>Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.</p> <p>Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.</p>	<p>Allar námsgreinar</p> <p>Allar námsgreinar</p>	<p>Nemendum er gert að bera ábyrgð á framvindu sína í námi. Einnig læra nemendur hvernig þeir tengja viðmið um árangur við vinnu sína</p> <p>Para- og hópavinna</p> <p>Nemendur fá endurgjöf í flestum verkefnum sem unnin eru í skólanum</p>

<p>Nýting miðla og upplýsinga</p> <p>Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.</p> <p>Ábyrgð og mat á eigin námi</p> <p>Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.</p> <p>Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.</p>	<p>Evrópa, réttindafræðsla, enska og danska</p> <p>Réttindafræðsla</p> <p>Markmiðasetning</p>	<p>Nemendur læra að nota orðabækur, vefsíður, Google earth o.fl.</p> <p>Ég og styrkleikar mínir – verkefni</p> <p>Einföld tímasett námsmarkmið sett í námsfögum að eigin vali</p>
---	---	---

Upplýsingatækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Vinnulag og vinnubrögð</p> <p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.</p> <p>Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.</p> <p>Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.</p> <p>Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða.</p>	<p>Upplýsingaöflun</p> <p>Rafrænt námsefni</p> <p>Tölfræði</p> <p>Ritvinnsla</p>	<p>Nemendum kynntir ýmsir vefir þar sem hægt er að sækja sér upplýsingar.</p> <p>Nemendur vinna ýmis verkefni í kennsluforritum og á námsvefum.</p> <p>Nemendur safna tölulegum gögnum og vinna verkefni í töflureikni.</p> <p>Nemendur kynnast ýmsum skipunum og leiðum í ritvinnsluforritum</p> <p>Nemendur vinna æfingar í</p>

<p>Beitt rétttri fingrasetningu.</p> <p>Tækni og búnaður Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.</p> <p>Sköpun og miðlun</p> <p>Siðferði og öryggismál</p>	<p>Fingrasetning</p> <p>Töflureiknir og ritvinnsla</p>	<p>fingrasetningu.</p> <p>Nemendur kynnast forritum sem eru notuð í ritvinnslu og töflureikni</p>
--	--	---